

MINNISBLAÐ UM AFLEIÐUVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUKORT

Afleiðuviðskipti.

Til viðbótar við það að bjóða föst verð og heimsmarkaðstengt verð hefur Skeljungur hf. frá árinu 1993 veitt stórum hópi viðskiptavina sinna í sjávartúvegi þjónustu á sviði olíuafleiða. Þessi starfsemi er eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfsemi Skeljungs. Þessari starfsemi er sinnt af starfsmönnum Skeljungs sem hafa sérhæft sig á þessu sviði. Margir af stærstu viðskiptavinum Skeljungs kaupa slíkar afleiður í gegnum félagið og telja þetta ómissandi þátt í áhættustýringu sinni. Sem dæmi um afleiðusamninga sem Skeljungur selur má nefna eftirfarandi:

- Fast verð á eldsneyti yfir ákveðið tímabil.
- Heimsmarkaðstengt verð með tryggingu gegn verðhækkunum.
- „Zero cost collar“ (hámarks og lágmarksverð)

Sveiflur á eldsneytismörkuðum erlendis eru oft mjög miklar og þessir markaðir eru viðkvæmir fyrir breytingum á ástandi heimsmála, svo sem dæmin sanna. Til að minnka áhættu af sveiflum í eldsneytisverði hefur Skeljungur því boðið þeim viðskiptavinum sínum, sem þessa verðmyndun kjósa, að festa verð eða kaupa sér tryggingar gegn verðhækkunum. Annars vegar er um að ræða að festa verð á tilteknu magni á ákveðnu tímabili og hins vegar að kaupa verðþak, þar sem Skeljungur tryggir að viðmiðunarverð eldsneytis fari ekki upp fyrir ákveðna viðmiðun, en kaupandi nýtur hins vegar allra verðlækkana sem verða á samningstímanum. Verð á slíkum tryggingum fer eftir viðmiðunarverði þaksins og skráðu framvirku verði á hverjum tíma. Þessar tryggingar hafa ítrekað sannað gildi sitt.

Greiðslukort.

Skeljungur hf. gefur út greiðslukort fyrir viðskiptavinum sína sem notuð eru við úttektir einstaklinga og fyrirtækja í sjálfsölum, á útsölustöðum félagsins og hjá samstarfsaðilum t.d. hjólbarðaverkstæðum og smurstöðvum. Greiðslukort af þessu tagi hafa í mörgum tilfellum komið í staðin fyrir hefðbundin lánsviðskipti og með notkun þeirra er auðveldara og öruggara að halda utanum úttektir, viðskiptakjör og skráningu upplýsinga. Greiðslukort af þessu tagi hafa mikla þýðingu í starfsemi fyrirtækja eins og Skeljungs hf. og notkun þeirra hefur farið vaxandi undanfarin ár. Í tengslum við notkun greiðslukorta eru í mörgum tilfellum rekin tryggðarkerfi sem tryggja viðskiptavinum afslætti eða aðgang að þjónustu.

Tryggja þarf að útgáfa greiðslukorta af þessu tagi, sem heimila úttektir á vörum og þjónustu á tilteknum stöðum verði heimiluð og undanþegin ákvæðum sem gilda um sambærilega starfsemi fjármálafyrirtækja.

SKELJUNGUR HF.

Árni Á. Árnason
Ólafur Jónsson.